

**Fundargerð 276. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps.
fimmtudaginn 15. maí 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 275. fundar hreppsnefndar 10.apríl 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Tölvupóstur dags. 22. apríl 2008 frá Magnúsi Jónssyni og Svanhildi Jónsdóttur í Krákuvöru, Flatey með ósk um að kaupa svonefndan Grænagarðsbrunn í Flatey, með dælubúnaði og vatnslögnum frá honum. Erindinu hafnað.
2. Bréf dags. 20. apríl 2008 frá aðstandendum þarabáðahugmyndar með ósk um fund með sveitarstjórn til að ræða húsnæðismál þarabáðanna.
Sigurbjörg veik af fundi.
Sveitarstjóra falið að tímasetja fund í næstu viku með aðilum.
Sigurbjörg kom inn á fundinn.
3. Bréf móttakið 23. apríl 2008 frá starfshópi um tómstundastarf í Reykhólahreppi með tillögum þeirra um tómstundastarf í Grunnskólanum. Sveitarstjórn þakkar fyrir góðar tillögur og felur sveitarstjóra að finna starfsmann í verkefnið.
4. Bréf dags. 14. apríl 2008 frá Icelandic Photo Agency (IPA) með tilboði í myndatökur fyrir Reykhólahrepp. Erindinu hafnað.
5. Tölvupóstur dags. 7. maí 2008 frá Bryndísi Þórðardóttur, f.h. Framfarafélags Flateyjar með ósk um að fá að vera með í sameiginlegri ályktun sveitarfélaga við Breiðafjörð um ferjusiglingar á Breiðafirði. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
6. Bréf dags. 7. maí 2008 frá Póst- og fjarskiptastofnun varðandi beiðni um lokun póstafréiðslunnar í Króksfjarðarnesi. Umsagnar sveitastjórnar óskað. Sveitarstjórn mótmælir harðlega lokun póstafréiðslunnar. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
7. Bréf dags. 22. apríl 2008 frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis með beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010. Þingskjalið er að finna á: www.althingi.is/altext/135/s/0835.html. Umsögn ekki veitt.
8. Bréf dags. 10. apríl 2008 frá efnahags- og skattanefnd Alþingis með beiðni um umsögn um frumvart til laga um skráningu og mat fasteigna. Þingskjalið er að finna á: www.althingi.is/altext/135/s/0830.html. Umsögn ekki veitt.
9. Bréf dags. 2. maí 2008 frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu um dag barnsins þann 25. maí n.k. með hvatningu til þátttöku. Íbúar hreppsins verða hvattir til að gera eitthvað til að njóta dagsins með börnum sínum.
10. Bréf dags. 14. apríl 2008 frá Siglingastofnun varðandi ferjubryggju í Flatey með upplýsingum um þau tilboð sem bárust og ósk um samþykki fyrir framkvæmdinni. Sveitarstjórn fagnar hafnarbótum í Flatey og skorar á Siglingastofnun að vinna að þeirri tillögu að setja haus fremst á brygguna sem mun bæta til muna aðstöðu smærri báta í Flatey. Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdina.
11. Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2007. Fyrri umræða. Ársreikningur lagður fram og vísað til seinni umræðu.

Mál til kynningar:

1. Afrit af bréfi Umhverfisráðuneytisins dags. 6. maí 2008 til Héraðsnefndar Barðstrendinga með ósk um tilnefningu tveggja aðalmanna og tveggja varamanna til setu í Breiðafjarðarnefnd fyrir Austur- og Vestur-Barðastrandasýslu. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Bréf dags. 2. maí 2008 frá Þróunarsetri Vestur-Barðastgrandarsýslu um stofnun héraðsskjalasafns fyrir suðursvæði Vestfjarðakjálkans. Samþykkt að tilnefnda Sigurbjörgu Daníelsdóttur sem fulltrúa Reykhólahrepps.
2. Fundargerð skipulags-bygginga- húsnæðis- og hafnarnefndar 13. maí 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 14. maí 2008. Samþykkt.
4. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. maí 2008. 1. liður samþykktur. 2. liður afgreiðsla kennarafundar samþykkt. Aðrir liðir samþykktir.
5. Heimild til lántöku hjá Íbúðaljánasjóði vegna leiguíbúða. Samþykkt að veita sveitarstjóra heimild til að sækja um lán til kaupa á Hólatröð 1.
6. Bréf dags. 14. maí 2008 frá Sveini Hallgrímssyni og Andreu Björnsdóttur með umsókn um húsnæði. Hreppsnefnd telur góðar líkur á að hægt verði að verða við erindinu.
7. Framkvæmdir á vegum hreppsins sumarið 2008. Farið var yfir helstu framkvæmdir sumarsins og ákveðið að halda vinnufund mánudaginn 26. maí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)